

Endurkomur brottfluttra 1986–2008

Return migration 1986–2008

Samantekt Allt að 79% íslenskra ríkisborgara sem flytja búferlum til útlanda snúa aftur eftir að meðaltali 2,4 ára dvöl. Erlendir ríkisborgarar sem fara af landi brott snúa til baka í mun minna mæli, eins og við má búast, en 17% þeirra hafa þó snúið til baka að meðaltali eftir innan við ársdvöl erlendis.

Yngra fólk er líklegra en eldra fólk til að snúa aftur. Þá eru íslenskir ríkisborgarar sem flytja til einhverra Norðurlandanna líklegra en aðrir til skila sér til baka, eða 84%. Ólíklegastir íslenskra ríkisborgara til að snúa til baka eru þeir sem flytja til Norður-Ameríku, en endurkomuhlutfallið þaðan er 59%.

Alls voru 112.494 aðflutningar til landsins á tímabilinu 1986–2008. Af þeim flokkast 57.820 flutningar sem endurkomur eða 51%. Fram til ársins 2003 var hlutfallið 63%.

Hlutfall íslenskra ríkisborgara sem hafa snúið til baka til Íslands innan átta ára frá brottflutningi hefur haldist stöðugt á tímabilinu 1986–2001, eða 64–78% samanborið við 12–19% hjá erlendum ríkisborgurum.

Lítill munur er á íslenskum körlum og konum í hópi þeirra sem koma aftur eftir dvöl erlendis, eða 1.028 karlar á hverjar 1.000 konur hjá þeim sem komu aftur innan 8 ára frá brottför.

Inngangur

Flestir þeir sem flytjast til Íslands hafa jafnan verið íslenskir ríkisborgarar sem eru að snúa aftur eftir dvöl erlendis. Á þessu ári hefur brottfluttum fjölgað töluvert frá því sem verið hefur undanfarin ár. Ýmsar spurningar vakna því óhjákvæmilega um þá einstaklinga sem flytjast búferlum til útlanda. Hversu lengi dvelja þeir erlendis? Hefur endurkomum þeirra til Íslands fækkað? Hvernig skiptast þeir?

Í þessu Hagtíðindahefti er ætlunin að varpa ljósi á þessar spurningar. Reynt er að svara þeim eftir tveimur meginleiðum. Annars vegar með því að greina hvort þeir sem fluttust búferlum til landsins voru að koma í fyrsta skipti eða hvort þeir höfðu áður verið búsettir á landinu. Hins vegar með því að fylgja eftir þeim sem fluttust af landi brott og skoða flutningaferli þeirra eftir brottför.



1. Endurkomur 1986–2008


Í þessum kafla er fjallað um aðflutninga til landsins og þeir greindir í tvo hópa. Í fyrri flokkinn falla einstaklingar sem eru nýir á skrá en í þann síðari flokkast þeir sem flust hafa áður til landsins. Flutningar sem falla í seinni flokkinn eru kallaðir endurkomur (e. *return migration*). Tafla 1 geymir þau gögn sem eftirfarandi umfjöllun byggir á.

Flestir aðflutningar eru endurkomur

Alls voru skráðir 112.494 flutningar til landsins á tímabilinu 1986–2008. Af þeim flokkast 57.820 flutningar sem endurkomur eða 51,4%. Övenju margar nýskráningar voru á árablinu 2004–2008. Fram að þeim tíma var heildarfjöldi aðflutninga 66.705. Af þeim flokkast 42.000 flutningar sem endurkomur eða 63,0%.

Mynd 1. Aðfluttir frá útlöndum eftir skráningu 1986–2008

Figure 1. Immigration by registration 1986–2008



Fjöldi endurkominna einstaklinga á tímabilinu 1986–2008 hefur haldist nokkuð í hendur við meðalmannfjölda á sama tímabili. Endurkomur hafa sveiflast í kringum 900 af 100.000 íbúum. Þær urðu fæstar árið 1989, þegar aðeins 678 endurkomur af 100.000 íbúum voru skráðar, en flestar árið 2007 þegar 1.064 aðflutningar miðað við 100.000 íbúa voru skráðir sem endurkomur.

2. Endurkoma brottfluttra 1986–2008

Einstaklingum sem fluttust af landi brott 1986 og síðar er fylgt eftir og flutninga-mynstur þeirra skoðað fram til loka árs 2008. Hér er því um langsniðsrannsókn að ræða. Í þessu Hagtíðindahefti er litið svo á að um endurkomu sé að ræða næst þegar einstaklingur flytur til landsins eftir brottflutning. Flytji hann síðar á tímabilinu af landi brott telst hann einnig með þeim brottflutningsárgangi og endurkomu með þeim, sé um slíkt að ræða. Töflur 2–4 geyma þau gögn sem eftirfarandi umfjöllun byggir á.

Þegar skoðaðar eru endurkomur má sjá í hendi sér að það er erfitt að gera samanburð á milli ára. Þannig hafa þeir sem fluttu út árið 1986 haft yfir tuttugu ár til að snúa aftur, en þeir sem fluttu út árið 2007 höfðu aðeins innan við tvö ár fram til ársloka 2008. Í tölfræðinni er þá talað um að gögnin séu hægristýfð (e. *right censored*). Hægt er að bregðast við þessu með ýmsum hætti. Hér er vandamálið nálgast með tveimur aðferðum.

Til að skoða hvort breytingar hafi átt sér stað á milli ára á flutningaferlinu er brottfluttum skipt í tvo hópa, annars vegar þá sem koma til baka innan átta ára og hinna sem

dveljast lengur erlendis. Þessi skipting gerir það að verkum að einungis er mögulegt að fylgjast með árgöngum frá 1986–2001, því að árgangar sem fluttu brott eftir 2001 hafa ekki haft full sjö ár til að koma til baka eins og fyrri árgangar.

Ofangreind aðferð nýtist ekki til að svara spurningum um hversu lengi brottfluttir dveljast erlendis og hversu miklar líkur eru á því að þeir komi yfirleitt til baka. Til að leita svara við þeim spurningum verður notuð aðferð sem kennd er við Kaplan og Meier frá 1958, en hún var sérstaklega þróuð til að svara spurningum af þessu tagi. Gerð er grein fyrir þeim niðurstöðum í 3. kafla þessa heftis.

Í umfjölluninni hér á eftir er miðað við aldur og ríkisfang við brottför.


2.1 Sjö ára endurkoma hefur haldist stöðug

Endurkoma innan átta ára milli 64 og 78%

Mikill munur var á sjö ára endurkomuhlutfalli þegar greint er á milli íslenskra og erlendra ríkisborgara. Sjö ára endurkomuhlutfall íslenskra ríkisborgara sveiflaðist 1986–2001 frá 64,2–78,0% samanborið við 12,2–19,2% hjá erlendum ríkisborgurum (sjá mynd 2). Þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara af brottfluttum sveiflast mjög hefur það mikil áhrif á endurkomuhlutfall hvers brottflutningsárgangs. Af því leiðir að skoða verður hópana tvo íslenska og erlenda ríkisborgara hvorn fyrir sig.

Mynd 2. Sjö ára endurkomuhlutfall eftir ríkisfangi 1986–2001

Figure 2. Seven-year return migration rate by citizenship 1986–2001



2.2 Jöfn skipting milli karla og kvenna

Kynjaskipting þeirra sem komu aftur innan átta ára var tiltölulega jöfn meðal íslenskra ríkisborgara yfir umrætt tímabil, að meðaltali 1.028 karlar á hverjar 1.000 konur (sjá töflu 3). Svipað kynjamynstur var að finna hjá þeim sem dvöldu lengur í útlöndum. Kynjaskiptingin var jöfn meðal íslenskra ríkisborgara, að meðaltali 1.015 karlar á hverjar 1.000 konur frá 1986–2001.

Kynjaskipting meðal erlendra brottfluttra ríkisborgara var að meðaltali 693 karlar á móti 1.000 konum. Þessi skipting endurspeglar í kynjaskiptingu þeirra erlendra ríkisborgara sem komu aftur innan átta ára. Að meðaltali komu einungis 727 karlar á hverjar 1.000 konur yfir umrætt tímabil. Svipað hlutfall var meðal þeirra sem bjuggu lengur í útlöndum. Kynjahlutfallið hjá þeim sveiflaðist á milli 575–876 karla á hverjar 1.000 konur yfir tímabilið 1986–2001.

2.3 Meðalaldur hækkar

Hlutfall barna (0–17 ára) með íslenskan ríkisborgararétt var örlítið hærra meðal þeirra sem dvöldu í átta ár eða lengur eða 32,3% að meðaltali. Hlutfall barna af þeim sem komu fyrr til baka var 30,2%. Meðaltalið á hlutfalli barna með erlent ríkisfang var aftur á móti hærra hjá þeim sem dvöldu innan við átta ár eða 14,9% á móti 11,5% hjá þeim sem dvöldu lengur.


Peir sem dveljast lengur eru eldri við brottför

Aldursskipting íslenskra ríkisborgara var nokkuð mismunandi eftir lengd dvalar í útlöndum. Flestir þeirra sem dvöldu erlendis í innan við átta ár voru á aldrinum 24 ára en 28 ára ef þeir voru átta ár eða lengur (sjá mynd 3). Aldursferillinn fyrir erlenda ríkisborgara var aftur á móti mjög svipaður hvort sem snúið var til baka eða ekki.

Meðalaldur við brottför hjá fullorðnum með íslenskt ríkisfang hækkaði á tímabilinu 1986 til 2001 um 1,9 ár, en nokkuð meir hjá erlendum ríkisborgurum (sjá töflu 3 og 4).

Mynd 3. Aldursdreifing brottfluttra íslenskra ríkisborgara eftir lengd dvalar erlendis 1986–2001

Figure 3. Age distribution of emigrated Icelandic citizens by length of stay 1986–2001




2.4 Áfangaland

Flestir fara til Danmerkur, Svíþjóðar eða Noregs

Langflestir þeirra sem fluttu úr landi og komu aftur innan átta ára fóru til Norðurlandanna á tímabilinu 1986–2001 (sjá mynd 4 og töflu 6). Miklar sveiflur hafa þó orðið á flutningum og endurkomum frá þessum löndum á tímabilinu. Árin 1989 og 1990 voru óvenjuleg fyrir þær sakir að þá fluttu flestir til Svíþjóðar en öll önnur ár á tímabilinu til Danmerkur. Frá árinu 1996 varð Noregur næstvinsælasti áfangastaðurinn og náðu brottflutningar þangað hámarki tveimur árum síðar, 1998. Endurkomum frá öðrum Evrópulöndum en Norðurlöndunum fjölgaði á tímabilinu, en þær stóðu í stað frá öðrum heimshlutum.

Mynd 4. Sjö ára endurkomur eftir áfangastað 1986–2001

Figure 4. Return migrants (seven-years) by destination region 1986–2001



3. Endurkomuhlutföll og lengd dvalar


Í þessum hluta eru gögnin greind með aðferð Kaplan og Meiers frá 1958, þar sem reynt er að meta endurkomuhlutfall brottfluttra með því að nýta allt gagnasafnið frá 1986–2008. Með því móti er hægt að reikna endurkomuhlutfall til allt að 23ja ára. Umfjöllunin byggist á töflu 5.

79% íslenskra ríkisborgara
koma til baka

Eins og fyrr segir er mikill munur á endurkomu brottfluttra eftir því hvort þeir hafa íslenskt eða erlent ríkisfang. Fæstir erlendir ríkisborgarar eiga afturkvæmt til Íslands. Þetta sést á mynd 5 þar sem 16,9% erlendra ríkisborgara sem fara erlendis koma aftur til Íslands áður en 23 ár eru liðin frá brottför. Það er þó mun lægra hlutfall en endurkomuhlutfall íslenskra ríkisborgara. Uppsafnað endurkomuhlutfall þeirra er 78,6%. Gera má ráð fyrir að langflestir þeirra sem ekki eru komnir eftir 23 ár frá brottför séu endanlega fluttir frá Íslandi. Sumir þeirra deyja þó erlendis.

Mynd 5. Uppsafnað endurkomuhlutfall eftir ríkisfangi 1986–2008

Figure 5. Cumulative return migration rate by citizenship 1986–2008



Það má einnig reikna út hversu lengi þeir sem snúa aftur dvelja erlendis í senn. Erlendir ríkisborgarar sem koma aftur á annað borð dvelja mun skemur erlendis en íslenskir, eða að meðaltali 0,6 ár á móti 2,4 árum Íslendinga. Helmingur þeirra Íslendinga sem flytjast erlendis er kominn til baka á fjórða ári eftir brottför.


Það er athyglisvert að þeir erlendir ríkisborgarar sem flytjast út sem börn eru líklegri til að koma aftur. Þeir erlendu ríkisborgarar sem fluttu héðan sem börn komu jafnt og þétt til baka. Endurkomuhlutfall þeirra í lok tímabilsins var 29,1%.

Yngri fólk kemur frekar til baka

Aldursskiptingin er nokkuð önnur hvað varðar íslenska ríkisborgara eins og sést á mynd 6. Þeir sem flytjast úr landi á aldrinum 15–24 ára dvelja að meðaltali 1,8 ár erlendis. Helmingur þeirra er kominn til baka á fyrsta árinu eftir brottflutning. Endurkomuhlutfallið er 84,4%. Þeir íslenskir ríkisborgarar sem flytjast erlendis á aldrinu 30–49 ára eru hins vegar líklegri til að dvelja lengur erlendis eða jafnvel koma ekki aftur. Að meðaltali dvelja þeir sem snúa aftur 2,4 ár, en helmingurinn er kominn til baka eftir 4 ár. Endurkomuhlutfallið er lægst í þessum aldurshópi, eða 72,2%.

Mynd 6. Uppsafnað endurkomuhlutfall íslenskra ríkisborgara eftir aldri (15–49 ára) 1986–2008

Figure 6. Cumulative return migration rate of Icelandic citizens by age groups (15–49 years) 1986–2008




Norðurlandafarar koma helst til baka

Ef athugað er hvert íslenskir ríkisborgarar flytja, þá kemur fram talsverður munur eftir heimshlutum, sbr. mynd 7. Þeir sem flytjast til Norður-Ameríku koma mun síðar og tregar heim en aðrir. Helmingur brottflutningshópsins er kominn heim á 9. ári, endurkomuhlutfall þeirra er 59,1% en meðallengd dvalar erlendis hjá þeim sem snúa aftur er þó aðeins 2,1 ár. Þeir sem flytjast til Norðurlandanna eru líklegri en aðrir að koma aftur til baka. Endurkomuhlutfall þeirra er 82,2% og helmingur er kominn eftir 2 ár erlendis. Íslenskir ríkisborgarar sem flytjast til Evrópu utan Norðurlandanna liggja mitt á milli, með endurkomuhlutfall upp á 73,0% og helmingur hvers brottflutnings-árgangs kemur til baka á 5. ári eftir brottför.

Mynd 7. Uppsafnað endurkomuhlutfall eftir heimshlutum 1986–2008

Figure 7. Cumulative return migration rate by country of destination 1986–2008



Niðurstöðurnar sem kynntar eru hér að ofan eru óháðar kyni og aldri. Það er nær enginn munur á endurkomu íslenskra ríkisborgara eftir kyni. Þá breytir aldursskiptingin ekki neinu um endurkomu eftir heimshlutum, en Íslendingar koma fremur til baka frá Norðurlöndum í öllum aldurshópum en síður ef þeir hafa flust brott til Norður-Ameríku.

Aðferðir og skilgreining hugtaka

Langsniðsrannsókn

Einstaklingum er fylgt eftir sem fluttust af landi brott 1986 og síðar og flutningaferli þeirra skoðað fram til loka árs 2008.

Lengd dvalar erlendis

Við mat á lengd dvalar erlendis var litið svo á að einstaklingur dvelji erlendis frá því að hann flytur út og þar til hann kemur heim aftur í fyrsta skiptið. Fari hann síðar út, telst hann með viðkomandi brottflutningsárgangi með sama hætti. Með þessu móti er tryggt að hver dvöl erlendis er aðeins talin einu sinni. Sami einstaklingur getur hins vegar komið oftari fyrir.

Skekkja í mati á endurkomu

Litið er svo á að þeir sem skráðir eru inn í landið með flutningstilkynningu hafi áður flutt til landsins, þó að þeim frátöldum sem áður hafði verið tilkynnt um en ekki áður komið til landsins (einkum börn fædd erlendis). Nokkur fjöldi slíkra einstaklinga mun hafa verið tilkynntur fyrir 1986. Þar sem ekki eru heimildir um slíka skráningu, er endurkoma ofmetin sem því nemur fyrstu árin frá 1986.

Kaplan-Meier lifunargreining

Hægt er að fylgjast með þeim sem fluttu erlendis árið 1986 í heil 22 ár eftir það. Árin sem fylgst er með brottflutningsárgöngum fækkar því nær sem dregur í tíma, uns aðeins er hægt að fylgjast með þeim sem fluttu út árið 2007 til ársloka 2008. Gögn af þessu tagi eru nefnd „hægristýfð gögn“ (e. *right censored data*) en þá er átt við að rannsókn sé lokið áður en fulljóst er um afdrif einstaklinganna. Aðferð sem Kaplan og Meier kynntu árið 1958¹ hefur verið notuð til að gera grein fyrir slíkum gögnum, en þá er lifun (e. *survival*) frá einum tíma til annars reiknuð af þeim sem gögn liggja fyrir um. Gögnin er sýnd myndrænt í lifunargrafi, þar sem stýfðu gögnin eru gefin til kynna með því að setja lítil strík ofan á þrepin. Hér er lifunargrafinu snúið við, þannig að það sýnir uppsafnaða lifun, eða endurkomu frá einum tíma til annars.

1 E.L. Kaplan og P. Meier. 1958. „Nonparametric estimation from incomplete observations“, *Journal of the American Statistical Association* 53/1958, bls. 457–481.

Endurkomuhlutfall Um er að ræða Kaplan-Meier lifunarmetil, sem er margfeldi af lifunarlíkum frá einum tíma til annars. Metillinn $\hat{S}$ er reiknaður sem

$$\hat{S}(t) = \prod_{t_i \leq t} \left(1 - \frac{d_i}{n_i}\right)$$

þar sem t_i er tími frá brottflutningi, d_i er fjöldi þeirra sem hafa komið til baka á tímabilinu frá t_{i-1} , $n_i = n_{i-1} - d_{i-1} - c_{i-1}$ er fjöldi þeirra sem enn eru til athugunar á tíma t_i og c_i er fjöldi þeirra sem hafa fallið út (stýfðir) á tímabilinu frá t_{i-1} .

Meðallengd dvalar erlendis Meðaltöl í Kaplan-Meier lifunargreiningu eru venjulega gefin upp fyrir allan hópinn, þ.e. að meðtöldum þeim sem eiga enn eftir að koma til landsins. Það er reiknað sem flatarmál svæðisins undir lifunarferlinum. Að þessu sinni er aðeins reiknað með þeim sem snúa aftur, enda óvíst um afdrif þeirra sem ekki hafa komið, einkum útlendinga, en ekki er alltaf vitað um hvort þeir séu enn á lífi í árslok 2008. Slíkt myndi leiða til ofmats á fjölda þeirra sem dvelja langdvölum erlendis.

English summary

Up to 79% of Icelandic citizens who migrate return after an average stay of 2.4 years abroad. The return migration of foreign citizens is 17%, after an average stay of less than 1 year.

The rate of return migration differs by age and country of original destination. Younger persons have higher rate of return migration than older persons. Icelandic citizens emigrating to one of the Nordic countries are also more likely to return than those migrating to other countries. The return migration is lowest from North America.

The majority of those who immigrate to Iceland are returning migrants, with 51% of 112,494 immigrants in 1986–2008 registered as return migrants.

The percentage of Icelandic and foreign citizens returning after less than eight years of stay abroad has remained relatively stable in the period 1986–2001, with 64–78% and 12–19% of emigrants returning, respectively.

There are no significant gender differences regarding return migration.

Tafla 1. Aðfluttir frá útlöndum eftir skráningu, kyni og ríkisfangi 1986–2008*Table 1. Immigration by registration, sex and citizenship 1986–2008*

Ár <i>Year</i>	Aðfluttir <i>Immigration</i>	Nýskráðir <i>Newly registered</i>	Alls <i>Total</i>	Karlarnir <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Áður skráðir <i>Previously registered</i>		Hlutfall af öllum aðfluttum <i>Percentage of total immigration</i>	Endurkomur af 100.000 íbúum <i>Return migration per 100,000 inhabitants</i>
						Íslenskt ríkisfang <i>Icelandic citizenship</i>	Erlent ríkisfang <i>Foreign citizenship</i>		
1986	2.703	740	1.963	979	984	1.871	92	72,6	807
1987	3.616	1.066	2.550	1.274	1.276	2.434	116	70,5	1.037
1988	4.153	1.889	2.264	1.106	1.158	2.134	130	54,5	906
1989	2.756	1.043	1.713	790	923	1.587	126	62,2	678
1990	3.166	1.116	2.050	987	1.063	1.921	129	64,8	805
1991	3.990	1.673	2.317	1.135	1.182	2.147	170	58,1	898
1992	2.959	998	1.961	974	987	1.819	142	66,3	751
1993	2.700	939	1.761	868	893	1.583	178	65,2	668
1994	2.677	920	1.757	857	900	1.626	131	65,6	661
1995	2.869	912	1.957	971	986	1.781	176	68,2	732
1996	3.671	1.309	2.362	1.212	1.150	2.231	131	64,3	878
1997	3.996	1.413	2.583	1.334	1.249	2.424	159	64,6	953
1998	4.568	1.814	2.754	1.413	1.341	2.589	165	60,3	1.006
1999	4.793	1.944	2.849	1.413	1.436	2.681	168	59,4	1.028
2000	5.207	2.406	2.801	1.436	1.365	2.625	176	53,8	996
2001	5.015	2.489	2.526	1.241	1.285	2.348	178	50,4	886
2002	4.221	1.899	2.322	1.181	1.141	2.171	151	55,0	807
2003	3.710	1.379	2.331	1.182	1.149	2.183	148	62,8	806
2004	5.359	2.573	2.786	1.439	1.347	2.594	192	52,0	952
2005	7.788	4.736	3.052	1.549	1.503	2.816	236	39,2	1.032
2006	9.851	7.073	2.778	1.415	1.363	2.532	246	28,2	913
2007	12.557	9.244	3.313	1.722	1.591	2.969	344	26,4	1.064
2008	10.292	7.340	2.952	1.546	1.406	2.554	398	28,7	924

Tafla 2. Afdrif brottfluttra 1986–2008*Table 2. Fate of emigrated 1986–2008*

Ár <i>Year</i>	Brott- flutningar <i>Emigration</i>	Brottfluttir einstaklingar <i>Emigrated individuals</i>	Endurkomur <i>Return migration</i>			Aðrir <i>Other</i>			Dánir <i>Deaths</i>
			Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	
1986	2.964	2.952	2.215	1.103	1.112	737	318	419	19
1987	2.408	2.396	1.725	857	868	671	288	383	14
1988	2.685	2.677	1.660	796	864	1.017	405	612	24
1989	3.841	3.828	2.399	1.151	1.248	1.429	643	786	26
1990	3.847	3.827	2.335	1.184	1.151	1.492	708	784	31
1991	2.982	2.975	1.710	829	881	1.265	556	709	24
1992	3.213	3.195	1.589	762	827	1.606	742	864	27
1993	2.901	2.884	1.655	821	834	1.229	537	692	21
1994	3.436	3.426	2.106	1.056	1.050	1.320	581	739	19
1995	4.285	4.260	2.853	1.490	1.363	1.407	680	727	22
1996	4.108	4.084	2.831	1.444	1.387	1.253	580	673	24
1997	3.921	3.906	2.511	1.283	1.228	1.395	673	722	21
1998	3.682	3.665	2.416	1.267	1.149	1.249	538	711	11
1999	3.663	3.649	2.088	1.070	1.018	1.561	741	820	16
2000	3.489	3.473	2.058	1.064	994	1.415	681	734	10
2001	4.034	4.025	2.052	1.031	1.021	1.973	911	1.062	15
2002	4.490	4.474	2.331	1.205	1.126	2.143	1.084	1.059	11
2003	3.837	3.822	2.015	1.011	1.004	1.807	881	926	8
2004	4.820	4.791	2.126	1.071	1.055	2.665	1.392	1.273	7
2005	3.913	3.893	1.690	838	852	2.203	1.152	1.051	3
2006	4.577	4.554	1.511	769	742	3.043	1.692	1.351	11
2007	7.414	7.349	1.421	766	655	5.928	4.160	1.768	8
2008	9.144	9.067	497	276	221	8.570	5.909	2.661	7

Tafla 3. Endurkomur brottfluttra innan 8 ára frá brottför eftir kyni, börnum og meðalaldri fullorðinna 1986–2001

Table 3. Return migration within 8 years abroad by sex, number of children and age of adults 1986–2001

Aðfluttir innan 8 ára frá brottför <i>Return migration within 8 years abroad</i>									
Ár <i>Year</i>	Brott- fluttir <i>Emi- grated</i>	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Fjöldi barna	Meðalaldur	Endur-	Hlutfall barna af öllum <i>Percent children</i>	Kynja- skipting <i>Sex ratio</i>
					17 ára og	18 ára og	komu-		
					yngri	eldri	hlutfall		
					<i>Number of</i>	<i>Mean age</i>	<i>Return</i>		
					<i>children</i>	<i>of 18 years</i>	<i>migration</i>		
					<i>0-17 years</i>	<i>and older</i>	<i>rate (%)</i>		
Íslenskir ríkisborgarar <i>Icelandic citizens</i>									
1986	2.468	1.920	974	946	577	27,8	77,8	30,1	1.029,6
1987	1.907	1.488	749	739	456	28,0	78,0	30,6	1.013,5
1988	1.853	1.273	618	655	396	28,7	68,7	31,1	943,5
1989	2.873	1.919	919	1.000	643	29,2	66,8	33,5	919,0
1990	2.787	1.887	969	918	614	29,4	67,7	32,5	1.055,6
1991	1.989	1.354	669	685	428	31,0	68,1	31,6	976,6
1992	1.760	1.206	582	624	364	29,7	68,5	30,2	932,7
1993	2.007	1.320	654	666	395	29,8	65,8	29,9	982,0
1994	2.649	1.734	893	841	522	29,5	65,5	30,1	1.061,8
1995	3.547	2.419	1.267	1.152	747	29,3	68,2	30,9	1.099,8
1996	3.422	2.474	1.268	1.206	749	29,7	72,3	30,3	1.051,4
1997	3.146	2.194	1.132	1.062	662	29,7	69,7	30,2	1.065,9
1998	3.006	2.167	1.145	1.022	637	29,4	72,1	29,4	1.120,4
1999	2.700	1.827	936	891	494	29,9	67,7	27,0	1.050,5
2000	2.665	1.832	968	864	518	29,5	68,7	28,3	1.120,4
2001	2.950	1.893	958	935	508	29,7	64,2	26,8	1.024,6
Erlendir ríkisborgarar <i>Foreign citizens</i>									
1986	484	93	36	57	21	28,9	19,2	22,6	631,6
1987	489	92	40	52	12	32,0	18,8	13,0	769,2
1988	828	134	53	81	21	28,7	16,2	15,7	654,3
1989	955	139	58	81	17	30,2	14,6	12,2	716,0
1990	1.040	127	52	75	21	29,6	12,2	16,5	693,3
1991	986	128	42	86	19	27,3	13,0	14,8	488,4
1992	1.435	205	97	108	29	29,8	14,3	14,1	898,1
1993	877	139	59	80	23	29,3	15,8	16,5	737,5
1994	777	136	46	90	20	28,3	17,5	14,7	511,1
1995	713	125	53	72	27	26,8	17,5	21,6	736,1
1996	662	125	49	76	23	31,6	18,9	18,4	644,7
1997	760	104	47	57	13	29,6	13,7	12,5	824,6
1998	659	113	50	63	13	32,2	17,1	11,5	793,7
1999	949	142	70	72	13	31,2	15,0	9,2	972,2
2000	808	155	65	90	25	31,6	19,2	16,1	722,2
2001	1.075	159	73	86	15	31,5	14,8	9,4	848,8

Tafla 4. Fjöldi brottfluttra sem dvelja 8 ár eða lengur eftir kyni, börnum og meðalaldri fullorðinna 1986–2001

Table 4. Emigrated and staying 8 years or longer by sex, number of children and age of adults 1986–2001

Fjöldi brottfluttra sem dvelja 8 ár eða lengur <i>Emigrated and staying 8 years or longer</i>								
Ár <i>Year</i>	Brottfluttir <i>Emigrated</i>	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Fjöldi barna	Meðalaldur	Hlutfall barna af öllum <i>Percent children</i>	Kynja- skipting <i>Sex ratio</i>
					17 ára og	18 ára og		
					yngri	eldri		
					<i>Number of children 0–17 years</i>	<i>Mean age of 18 years and older</i>		
Íslenskir ríkisborgarar <i>Icelandic citizens</i>								
1986	2.468	550	269	281	174	30,2	31,6	957,3
1987	1.907	419	211	208	137	31,2	32,7	1.014,4
1988	1.853	575	272	303	186	30,8	32,3	897,7
1989	2.873	954	488	466	340	31,9	35,6	1.047,2
1990	2.787	900	473	427	300	31,6	33,3	1.107,7
1991	1.989	635	315	320	209	31,3	32,9	984,4
1992	1.760	555	250	305	173	32,7	31,2	819,7
1993	2.007	688	344	344	211	31,9	30,7	1.000,0
1994	2.649	915	463	452	313	32,1	34,2	1.024,3
1995	3.547	1.129	623	506	350	32,3	31,0	1.231,2
1996	3.422	948	500	448	301	32,1	31,8	1.116,1
1997	3.146	952	499	453	290	32,3	30,5	1.101,5
1998	3.006	840	407	433	258	31,7	30,7	940,0
1999	2.700	874	443	431	283	33,2	32,4	1.027,8
2000	2.665	834	419	415	281	32,3	33,7	1.009,6
2001	2.950	1.057	518	539	333	32,1	31,5	961,0
Erlendir ríkisborgarar <i>Foreign citizens</i>								
1986	484	391	142	249	54	26,9	13,8	570,3
1987	489	397	145	252	47	27,6	11,8	575,4
1988	828	693	256	437	68	26,0	9,8	585,8
1989	955	817	330	487	83	26,9	10,2	677,6
1990	1.040	913	398	515	87	28,3	9,5	772,8
1991	986	858	359	499	95	28,9	11,1	719,4
1992	1.435	1.231	575	656	111	29,9	9,0	876,5
1993	877	740	301	439	85	28,9	11,5	685,6
1994	777	641	235	406	89	27,6	13,9	578,8
1995	713	589	227	362	87	29,1	14,8	627,1
1996	662	537	207	330	63	28,4	11,7	627,3
1997	760	656	278	378	76	28,9	11,6	735,4
1998	659	546	203	343	84	29,2	15,4	591,8
1999	949	810	362	448	90	30,5	11,1	808,0
2000	808	654	293	361	57	29,9	8,7	811,6
2001	1.075	916	393	523	86	30,1	9,4	751,4

Tafla 5. Uppsafnað endurkomuhlutfall og lengd dvalar erlendis eftir ríkisfangi, aldri, heimshlutum og kyni 1986–2008

Table. Cumulative return migration rate and length of stay abroad by citizenship, age, world regions and sex 1986–2008

	Alls <i>Total</i>			Karlur <i>Males</i>			Konur <i>Females</i>		
	Endur- komu- hlutfall	Lengd dvalar (ár) <i>Length of stay</i> (years)		Endur- komu- hlutfall	Lengd dvalar (ár) <i>Length of stay</i> (years)		Endur- komu- hlutfall	Lengd dvalar (ár) <i>Length of stay</i> (years)	
	<i>Return</i>	Meðaltal	Miðgildi	<i>Return</i>	Meðaltal	Miðgildi	<i>Return</i>	Meðaltal	Miðgildi
	rate (%)	Mean	Median	rate (%)	Mean	Median	rate (%)	Mean	Median
Alls <i>Total</i>	62,2	1,9	5	63,8	2,1	5	60,9	1,8	6
Íslenskir ríkisborgarar <i>Icelandic citizens</i>	78,6	2,4	3	79,0	2,4	3	78,2	2,4	3
Eftir aldri <i>by age</i>									
0–14 ára <i>years</i>	78,3	2,8	3	78,0	2,8	4	78,7	2,8	3
15–24 ára <i>years</i>	84,4	1,8	1	84,9	1,8	1	84,0	1,8	1
25–29 ára <i>years</i>	81,8	2,4	3	82,6	2,3	2	80,7	2,5	3
30–49 ára <i>years</i>	72,2	2,4	4	73,8	2,5	4	70,4	2,4	4
50+ ára <i>years</i>	76,8	2,9	3	78,6	3,0	3	75,0	2,7	3
Eftir heimshlutum <i>by world regions</i>									
Norðurlönd <i>Nordic countries</i>	82,2	2,4	2	82,1	2,4	2	82,3	2,4	2
Önnur Evrópulönd <i>Europe, other</i>	73,0	2,5	4	75,5	2,9	4	70,6	2,2	4
Norður-Ameríka <i>North America</i>	59,1	2,1	8	59,4	2,3	8	59,4	2,3	8
Aðrir heimshlutar <i>Other regions</i>	71,1	2,2	3	71,6	2,1	3	70,1	2,5	4
0–29 ára <i>years</i>									
Norðurlönd <i>Nordic countries</i>	84,2	2,4	2	84,1	2,4	2	84,4	2,4	2
Önnur Evrópulönd <i>Europe, other</i>	76,0	2,6	3	78,3	3,0	3	73,8	2,2	3
Norður-Ameríka <i>North America</i>	61,9	2,0	6	61,0	2,0	6	62,6	2,0	5
Aðrir heimshlutar <i>Other regions</i>	71,7	2,5	4	72,5	2,3	4	71,1	2,7	4
30+ ára <i>years</i>									
Norðurlönd <i>Nordic countries</i>	77,0	2,5	3	77,7	2,5	3	76,1	2,5	3
Önnur Evrópulönd <i>Europe, other</i>	69,0	2,4	5	72,1	2,8	4	65,9	2,1	5
Norður-Ameríka <i>North America</i>	55,7	2,3	13	58,2	2,7	12	53,9	2,0	14
Aðrir heimshlutar <i>Other regions</i>	69,9	1,9	3	70,5	1,8	3	68,4	2,1	3
Erlendir ríkisborgarar <i>Foreign citizens</i>	16,9	0,6	•	16,7	0,6	•	17,5	0,5	•
0–14 ára <i>years</i>	29,8	1,5	•	29,1	1,2	•	30,5	1,7	•
15+ ára <i>years</i>	15,9	0,5	•	15,7	0,6	•	16,6	0,5	•

Tafla 6. Fjöldi brottfluttra sem koma innan átta ára eftir löndum 1986–2001*Table 6. Return migration within eight years by countries 1986–2001*

Ár <i>Year</i>	Alls <i>Total</i>	Danmörk <i>Denmark</i>	Svíþjóð <i>Sweden</i>	Noregur <i>Norway</i>	Önnur Norður- lönd <i>Other Nordic countries</i>	Evrópa <i>Europe</i>	Norður- Ameríka <i>North America</i>	Suður- Ameríka <i>South America</i>	Afríka <i>Africa</i>	Asía <i>Asia</i>	Eyjaálfa <i>Oceania</i>	Óþekkt <i>Not specified</i>
1986	2.013	647	410	536	136	104	148	4	8	12	4	4
1987	1.580	566	314	338	79	111	125	3	4	17	20	3
1988	1.407	467	326	266	80	119	110	2	12	8	14	3
1989	2.058	485	912	176	62	171	201	3	7	6	22	13
1990	2.014	514	873	203	39	218	118	9	1	21	16	2
1991	1.482	441	383	168	76	212	153	–	17	10	20	2
1992	1.411	459	324	154	38	218	151	11	10	22	22	2
1993	1.459	470	329	206	35	217	126	10	7	49	10	–
1994	1.870	747	324	356	47	225	113	6	25	14	13	–
1995	2.544	1.326	392	359	55	226	114	7	33	19	13	–
1996	2.599	1.299	314	447	36	303	122	9	13	34	22	–
1997	2.298	1.047	223	468	38	317	134	7	16	32	14	2
1998	2.280	912	186	612	49	303	168	4	16	21	9	–
1999	1.969	887	189	314	59	310	137	3	22	37	11	–
2000	1.987	846	245	328	39	335	132	8	5	45	4	–
2001	2.052	840	248	327	40	377	156	13	3	42	6	–

Hagtfíðindi
Statistical Series

94. árg. • 67. tbl.
ISSN 0019-1078

Mannfjöldi
Population

2009:3
ISSN 1670-4479 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4487 (rafræn útgáfa *pdf*)
Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Brynjólfur Sigurjónsson • brynjolfur.sigurjonsson@hagstofa.is
Ómar Harðarson • omar.hardarson@hagstofa.is

Sími *Telephone* (+354) 528 1000
Bréfasími *Fax* (+354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series